

Mál nr. 56/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V1)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Vátryggingafélag málskotsaðila (V2)

Sönnun tjóns.

Gögn.

1. Málskot dags. 24. janúar 2023, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V2 dags. 6. mars 2023, ásamt fylgiskjöllum.
3. Bréf V1 dags. 21. mars 2023, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að starfsmaður X var við vinnu sína á sláttuvél þegar sláttuvélinni var ekið á bifreið M. Ekki er ágreiningur um tjónatvikið sjálft heldur hvaða tjón á bifreið B megi rekja til atviksins. Nánar tiltekið hefur verið viðurkennt af hálfu V1 að tjón á hurðum bifreiðarinnar sé hægt að rekja til tjónsatviksins en ekki tjón á síls hennar. Í gögnum málsins liggur fyrir skýrsla Aðstoðar&Öryggis vegna tjónsins og þar segir skýrsluritari m.a. að hann geti ekki séð neitt annað á sláttuvélinni sem hefði getað framkvæmt tjón á síls bifreiðar M og rekur hvernig það hefur mögulega orðið miðað við framburð starfsmanns X, hæð ákoma og aðstæður á vettvangi.

M telur að tjón á síls sé hægt að rekja til tjónsatviksins þegar starfsmaður X ók á bifreið hennar og vísar til gagna málsins.

V2 telur að leggja eigi skýrslu Aðstoðar&Öryggis til grundvallar við sönnun á tjóni og telur auk þess að ákomur á hurðum og síls séu keimlíkar og því megi leiða að því líkur að þær séu eftir sama tjónsatburðinn.

V1 hefur hafnað því að greiða bætur vegna tjóns á síls bifreiðar M þar sem ákoma á sílsnum sé þráðbein og ekki með sama hætti og ákomur á hurðum þar sem rispa liggja upp á við og sé bylgjött, enda hafi verið slegið í ójöfnu undirlagi. V telur rannsóknarskýrslu Aðstoðar&Öryggis ekki sýna með óyggjandi hætti að tjón á síls sé vegna sláttuvélar X og dregur í efa lýsingu skýrsluritara um að sláttublaðhlíf sláttuvélarinnar hafi fyrst verið ekið utan í bifreið M og þannig hafi tjónið á síls komið til.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að enginn ágreiningur er um að starfsmaður X ók sláttuvél á kyrrstæða bifreið M þar sem hún stóð við grasbala sem hann var að slá. Tilkynnt var strax um tjónið og aflað gagna um hvort það mætti rekja til umrædds tjónstilviks. Í skýrslu Aðstoðar&Öryggis er rakið hvernig skýrsluhöfundur mat aðstæður á vettvangi, sláttuvélina og bifreið M m.t.t. aðstæðna og mat hans á því að vel komi til greina að sláttuvélina hafi valdið öllu tjóni á bifreið M, líka á síls hennar. Þessu mati hefur ekki verið hnekk af hálfu V og verður V að bera hallann af því. Tjón á síls á bifreið M telst því greiðsluskýlt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V1 vegna tjóns á síls bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir